

Oddafundur 25. september 2018 – Leikskólinn Laugalandi

Mannauðsmál – endurmenntun – aðstaða - aðbúnaður

Við skólann vinna núna 13 starfsmenn í samtals 10,8 stöðugildum á deildum plús stjórnun. Auk þess eru tveir starfsmenn í veikindaleyfi (í 1,88 stöðugildum) síðan mun einn starfsmaður fara í fæðingarorlof 1. nóvember í 8 mánuði og á eftir að ráða inn fyrir hann. Unnið er að því að ráða fleira starfsfólk við skólann svo hægt verði að halda áfram að taka börn inn af biðlistanum þegar þau fá aldur til að verða tekin inn. Í skólanum eru núna 41 nemandi.

Það er ánægjulegt að háskólamenntuðu starfsfólki við skólann hefur fjölgað töluvert á síðustu mánuðum. Auk leikskólastjóra eru nú tveir fagmenntaðir leikskólakennarar. Gegnir annar stöðu aðstoðarleikskólastjóra en hinn sér um sérkennslumál skólans auk þess að vinna inni á deildum. Við höfum síðan einn starfsmann sem er master í félagsráðgjöf, einn hjúkrunarfræðing og tvo íþrótt- og heilsufræðinga. Þrír starfsmenn eru jafnframt í kennaranámi og einn í fagnámi fyrir starfsmenn leikskóla hjá Fræðslunetinu og annar í háskólabró undirbúningsnámi fyrir háskólanám. Þannig að það er margt að gerast.

Endurmenntun starfsmanna er aðallega í gegnum Skólaþjónustu Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu og skólaþjónustu Árnesþings. Tveir starfsmenn fara núna á ART námskeið hjá ART teyminu á Suðurlandi. Þannig að þá verður rúmlega helmingur starfsmanna ART þjálfarar. En leikskólinn er ART leikskóli.

Fólki er einnig gefinn kostur á að sækja sér önnur námskeið og fyrirlestra sem upp koma yfir starfsárið sbr. símenntunaráætlun Leikskólans Laugalandi. (Sjá fylgiskjal A)

Sjálfr er ég að hluta til í námsleyfi og er að kynna mér Jákvæða sálfræði og hvernig megi nýta hana í skólastarfi þannig að börn og starfsfólk geti blómstrað.

Starfsdagar eru að hluta til notaðir til fræðslu en ég tel það mjög mikilvægt að hlúa að starfsmönnum og efla þá í starfi.

Á fyrsta starfsdegi haustsins vorum við með jóganámskeið fyrir alla starfsmenn beggja leikskóla. Þann 5. október verður síðan Haustþing starfsmanna leikskóla þar sem boðið er upp á ein 11 mismunandi erindi sem starfsmenn geta valið sér. Þann 27. september verður síðan „hugarfrelsis“ námskeið fyrir alla starfsmenn. En ég tel að efni þess námskeiðs eigi brýnt erindi til starfsmanna í

Því hraða samfélagi sem við lifum í dag. Ég tel að kenna ætti öllum skólabörnum einfaldar aðferðir til að efla sig og styrkja. Við viljum leggja aukna áherslu á og flétta inn í skólastarfið öndun, jóga, slökun, hugleiðslu, sjálfsstyrkingu og efla áhugahvöt.

Djúp öndun er það fyrsta sem kenna ætti barni að nýta til að róa sig við ýmsar aðstæður, þegar kvíði gerir vart við sig og/eða þegar barn vill ná aukinni einbeitingu og hugarró. Slökun er nauðsynleg fyrir alla að minnsta kosti einu sinni á dag en því miður gefa fáir sér þann tíma. Jógaæfingar er frábær leið til að brjóta upp kennslu og hafa gaman. Hugleiðslusögur eru tilvaldar til að efla ímyndunarafl og einbeitingu barna. Sjálfsstyrking er nauðsynleg í því hraða umhverfi sem við búum í. Mikilvægi þess að hjálpa börnum að velja jákvæðni umfram neikvæðni, koma auga á styrkleika sína, æfa sig í að tjá tilfinningar sínar og vera góð manneskja er aldrei ofmetið. Þetta er allt í anda jákvæðrar sálfræði.

Tími til endurmenntunar starfsmanna er því miður allt of lítill og sorglegt að þurfa að nota svo stóran hluta starfsdaga til endurmenntunar, því starfsfólk þarf líka tíma til að undirbúa skólastarfið og til alls kyns skráninga. Það er líka erfitt að fara úr vinnunni á fræðsluerindi en um leið og einn starfsmaður fer af deild eykst álagið á hina sem eftir eru.

Aðstaða og búnaður

Starfið hefur farið vel af stað nú í haust og erum við þokkalega búin tækjum og tólum, en alltaf þarf samt eitthvað að endurnýja, bæta og breyta. Nú er loksins verið að laga tröppurnar upp á nýju deildina en það mun breyta töluverðu varðandi aðgengi þar.

Varðandi aðstöðuna á yngri deild má geta þess að til að bæta hana og gera hana meira aðlaðandi barst okkur gjöf frá velunnurum. Gjöfin var gólfmotta, púðar, lampar og hægindastóll. Á yngri deildinni þarf líka að setja upp fleiri öryggishlið við útitröppurnar, við inngang skólans þar sem við erum að reyna að nota það svæði meira fyrir eins árs börnin sem eru sum rétt að byrja að ganga.

Leikaðstaðan okkar úti er orðin allt of lítil (leikvöllurinn) og ber alls ekki allan þann barnafjölda sem við höfum núna. Við höfum því reynt að nýta nærumhverfið vel til vettvangsferða sérstaklega með eldri börnin. Það hefur einnig komið upp sú hugmynd að fá að girða af grasflötina sem snýr að Giljatanganum og koma þar upp aðstöðu sem nýta má til hreyfingar og leikja.

Þetta er eitthvað sem mig langar til að skoða á næstu mánuðum og fá að setja á næstu fjárhagsáætlun.

Sigrún Björk Benediktsdóttir – leikskólastjóri

Fylgiskjal A

Símenntunaráætlun Leikskólans Laugalandi

Í lögum um leikskóla 2008 nr. 90 12. Júní kemur fram að leikskólastjóri skuli gefa starfsmönnum kost á símenntun og móta áætlun um hvernig henni sé hagað:

7. gr. Starfsfólk.

Að frumkvæði leikskólastjóra skal móta áætlun um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur leikskóla, sveitarfélags og skólanámskrár.

Leikskólastjórar og starfsfólk leikskóla skulu samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum eiga kost á símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast nýjungum í leikskóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf.

Starfsfólkið er okkar mikilvægasta aflu og með þekkingu sinni, vinnu og viðhorfum skapar það grundvöll fyrir leikskólastarf með velferð barnanna að leiðarljósi.

Á leikskólanum Laugalandi er miðað við að hver starfsmaður reyni að efla sig í starfi og hafi kost á því að sækja námskeið og fræðslu. Í samvinnu við Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu er boðið upp á námskeið sem miða að því að efla starfsmenn á skólasvæðinu og sníða námskeið að þörfum skólanna hverju sinni. Einnig er gott samstarf við Skólaþjónustu Árnesþings og starfsfólki boðið að sækja námskeið á vegum þeirra. Allir starfsmenn sækja Haustþing FL og FSL sem er hluti símenntunar skólans. Starfsmenn geta einnig óskað eftir að sækja önnur námskeið og/eða ráðstefnur sem boðið er upp á.

Miðað er við 18 stundir í símenntun á hverju skólaári fyrir hvern starfsmann.